GILLETT'S LYE er notað til þess, að þvo með og sótthreinsa saurrennur og fl., til þess að búa til yðar eigin þvottasápu, svo margs að tugum skiftir. Notvísi á hverri könnu.

Islendingar Stgr. M. sem mætan og prýðilega mentaðan lækni, og heima í sinu héraði nýtur hann almennra vinsælda, sakir gláðlyndis og ljúfmensku sinnar. Að eins er honum áskapað að ganga með þessa óstöðvandi frásagnafýst, þennan nagandi orm, á svipaðan hátt og margir Austur Islendingar, eftir hans eigin sögusögn, ganga með — annan orm, sem honum verður skrafdrjúgt um í áminstri Lögbergsgrein.

Eg minnist ekki í svipinn nokkurs hlutar, sem vér hafa virst Isl. eins hjartanlega sammála um og blaðapistla Stgr. Matth. "Nú, það er hann Steingrímur", segja menn brosandi, þegar þeir lita í blaðið. Það nægir. Og það hefði líka nægt í þetta skifti, ef ekki liti svo út, sem nýjar stefnur væru að ryðja sér til rúms i rithætti héraðslæknisins. Hann virðist nú brenna af hreinskilnis- sannleikseldi, sem engu þyrmir. Þess vegna er hér loks kveðið upp úr. Hversvegna ekki mæta honum i sama anda?

Þó hefði það samt ekki nægt, ef ekki væri hitt og annað fleira nýstárlegt i greininni, sem eg seinna kem að, og sem verður til, að hún ekki deyr á sama kvalalausa mátann og fyrri blaðaskrif héraðslæknisins "i djúpri gleymskunótt." Slingur ritdómari hefði nú einhvernvegin á sniðugan hátt komið að i þessu sambandi, að hér væri um framför að ræða hjá héraðslækninum. Eg treysti mér ekki til þess.

Það fyrsta, sem maður undrast við yfirlestur áminstrar greinar Dr. er, hversvegna i dauðanum að hann sendi hana vestur-islenzku blaði til birtingar. Hefði það verið þakkarávarp, var það sök sér. En þetta á að vera fræðigrein athugúls ferðalangs til ihugunar og eftirbreytni fyrir Austur-Islendinga. Hún skiftist i tvo kafla. Annarsvegar lofsyrði um og velþóknun yfir lifnaðarháttum V. I. og hins vegar bermælgi og hrisyrði til A. I. fyrir söðaskap og skrælingjaháttt.

En hversvegna þá að fela þessa þörfu hugvekju sem allra vandlegast fyrir A. I., hinum náttúrlegu lesendum hennar? Eg veit auðvitað, að hún hefði verið betur geymd i japönsku timariti, en hvorugt vestur-islenzka blaðið getur þykst af eða talið ýkjur, þó fullyrt sé, að hverfandi litill hluti af A. Isl. sjái þau að jafnaði. Areiðanlega litill hluti af þeim a. i. blaðalesendum, sem hefðu haft greiðan aðgang að henni i a-isl. blöðum, og tilætlaða uppbyggingu. Eg skil þetta ekki. En á meðan Stgr. M. ekki opinberlega lýsir yfir því, að öll a. isl. blöð hafi neitað sér rúms fyrir greinina, verð eg að álita að hann hafi sent hana Lögbergi af einhverri óskiljanlegri "pervers" hégómadýrð, þó eg geti ekki fyrir mitt lifandi lif séð hvar hundurinn ligur grafinn. —

— Það er fjarska ánægjulegt, að heyra hvað V. I. eiga skrautlegar eldavélar. Eiginlega likari dýrindis "möblum", en eldavélum. (Eg minnist karlsins i Havsteensbúð, sem sagði, þegar honum var bent á nýjan spýtubakka á gólfinu: "O blessaðir verið þér, gólfið er fullgott handa mér." Þá er ekki síður lærdómsríkt að vita til, að V. I. láta ekki skegg sitt vaxa, heldur raka sig daglega. (Eg held nú þetta séu ýkjur hjá héraðsl.) Eða þá þrifnaðurinn! Enginn fer inn fyrir hússins dyr, nema á sokkaleistunum. Mig minnir að eitthvað svipað standi i Gröndals landafræði um Hollendinga. Eg skildi þetta ekki almennilega þá, því i æsku var mér bannað að ganga á sokkaleistunum. Það var talinn söðaskapur og óþarfa slit. Nú skil eg þetta náttúrlega og met að verðleikum. En til þess að ganga alveg fram af héraðsl. skal eg hérmeð játa, að eg lofa hamingjuna fyrir: að þurfa ekki að búa i húsi, þar sem allur þrifnaður er eftir þessu. Eg héldist þar ekki við. Eg hefi ekkert fyrir fundið hér, en nokkur heima, mirabile dictu, og ömurlegri heimili hef eg aldrei þekt. Af tvennu illu stendur mér minni ótti af dálitlum óþrifnaði, en óhemju hreinlæti. Einu sinni var gamall og skritinn karl fenginn til að berja og bursta legubekk i húsi á Akureyri. Það var nú út af fyrir sig, þó hann burstaði allan ganginn i húsinu á eftir, en hann lét ekki þar staðar numið, hreinlætið sté honum til höfuðs eins og rautt vin. Hann burstaði stigann og útidyratröppurnar, og seinast sáu Akureyringar i fyrsta skifti mann standa og bursta Brekkugötuna með handbursta.

— Já, svo er nú þetta með vinnukonurnar. Þær eru nú bara að verða útdauðar i Canada. ("Oh boy, isn't that cute!" held eg þær fáu sem eftir lifa mundu segja.) Það er nú eitthvað annað en heima á Islandi finst höf. Það er helzt að skilja á honum að vinnukonurnar þar spretti upp af engu, kvikni af sjálfu sér, ein og haldið var um gorkúlur og lús, og hann hnýtir aftan i þeirri innilegri ósk sinni, að allar isl. ógiftar vinnikonur verði — ekki teknar af lifi þó, guði sé lof — heldur heimilisfastar á Siglufirði ár út og ár inn.

Það getur vel verið, að þetta væri boldangs-fyrirkomulag. Samt þori eg ekki að fullyrða neitt um moralinn i þessari ósk héraðslæknisins. En ekki er óliklegt að einhver vinnukonan hafi eitthvað að segja honum þar um. Hamingjan forði honum frá því samt! Þorb. Þórðarson álitur Siglufj. eitt af Astralplönunum, sem viss tegund framliðinna dvelji á. Sumir tala um ólifnað þar. Aðrir um megnasta óskikkelsi. Eg skal ekkert um þetta segja, til eða frá. Bara fullyrði eg, eins og stendur i visunni, að

Ef send væri þangað hver ung stúlka inn,
þá yrði nú laglegur fjörðurinn.

Og ef að héraðslækninum verður að ósk sinni, get eg ekki óskað Siglufirði neins betra, en að hann verði svo heppinn að tryggja sér, — Stgr. M. fyrir læknir. En ekki öfunda eg hann af starfinu.

Þá er nú borðbúnaðurinn hér. Þar sjást nú ekki sjálfskeiðingar og askar! Skinandi silfurstell, og enginn sleikir hnifinn. Og maturinn kemur soðinn úr höndlaninni. O. s. frv. o. s. frv. o. s. frv — Undur og stórmerki, vissulega! og satt er það, glöggt er gests augað. —

En—ósköp er þetta nú alt saman ómerkilegt. Finst ykkur ekki? A smámuni eins og stjórnmálastefnur og strauma, þjóðræknishorfur, mentunar- og bókmentaástand og *heimilissiði* er ekki minst einu orði. — Æi, hvað er eg annars að rausa? *Þetta er hann Steingrímur!*

Eg hefi einu sinni þekt gamlan einkennilegan karl, sem hét Jón, og var kallaður Jón Dagbók. Hann hafði mestan hluta æfi sinnar skrifað niður dagl. viðburði i heljar stóra skræðu, og hlaut þar af nafnið. Karlinn hafði flækst vitt um land, og margt lifað. Eg fékk einu sinni tækifæri á að sjá dagbókina, og hugði gott til. En eg varð fyrir illum vonbrigðum, því það helzta sem i henni stóð, var upptalning á góðgjörðunum, sem hann hafði fengið á bæjunum. Kaffi og lummur. Lummur og kaffi. Utyfir það náði hugurinn ekki. —

"Þá vikur sögunni til Púnverja." Nú snýr höf. máli sinu til Austur-Islendinga, og kveður nú við kaldari tón. Þviliku vonleysismyrkri slær yfir er maður byrjar á þeim hluta greinarinnar, að orð mega ekki tjá.

Hann byrjar á að bera saman fátækt meðal Austur- og Vestur-Islendinga. Sem vænta mátti, er fátækt og fátækt tveir ólikir hlutir i augum svo nákvæms rithöfundar, sem héraðslæknirinn er.

Hvað vestur-islenzku fátæktina snertir, þá játar höfundur, að hann hafi að visu séð sáralitið af henni, en það litið það var, var það virðuleg, nýrökuð og lúsþrifin fátækt. (Lúslaus þarf eg nú ekki að taka fram.) Og hún er fyrirgefin, ef hún stendur að eins skamma stund. Fyrirgefin! En það orðbragð! Það er eins og höf. sé að tala um brek óþekkra krakka, sem oru losuð undan hegningu gegn loforði um að vera þæg. En látum nú þetta vera.

Þá er nú heldur bragð að lýsingunni á fátæktinni á Islandi:

"Hér þykir ekki tiltökumál, þó fátæktinni fylgi söðaskapur. Að fátæklingar séu alla jafna óhreinir, i óhreinum fötum og karbættum bæði á bak og fyrir, eða að karlmenn gangi órakaðir hversdagslega, en konur óþvegnar og illa greiddar, og að húsakynnin séu mestu söðagreni. Hér er ekki hneykslast á því um kotbæi og heimili i sjávarþorpum, þó að skamt frá bæjardyrunum sé svört skolpvilpa i hlaðvarpanum, þorskhausar og slor kringum húsin, og engin stétt framan við þau, svo að aurinn berst beint inn i hibýlin, en inni bæði daunilt og dimt, rúmfatnaður lélegur, bættur og óþrifalegur, en fólkið lúsugt og flóbitið. Þetta sætta menn sig við hér, af gömlum vana; bæði við moldargólf, rusl undir rúmum, ryk á bitum ob sperrum, dordingulsvef i hornum og skotum og gisna súð þar sem skin i torfið, en gulnað gras i rifum, — (ef ekki hefir verið tekið til bragðs að klæða súðina með Lögbergi og öðrum fréttablöðum." — Sjá Lögb. 22., 10. 1925.

Já, mikill er andskotinn! Sumt af þessu eru nú gamlir kunningjar, sem eg kannast vel við eins og kaflinn um torfgólfin og sveitabæina. Margir af læknum okkar hafa — náttúrlega i bezta tilgangi og óneitanlega að sumu leyti að réttu — áratugum saman klifað á því efni sýknt og heilagt. Og mörgum finst þeim persónuleg móðgun við sig, og litilsvirðing á málefninu, ef ekki hver maður, sem i torfbæjum býr, fær óða tæringu og deyr hið bráðasta. En aftur á móti standa þeir steini lostnir af visindalegri forundran, ef maður deyr úr efkælingu i timburhús hjöllunum, sem nú, illu heilli, óprýða flestar landsins sveitir, óhollir og illir i að vera og andstygglegir á að sjá, i sætum gamla, reisulega sveitabæjastilsins, sem fór svo vel við grænar sveitir.

Þá er eg nú málkunnugur forarvilpunum og ösku og þorskhausahaugunum. Það hefir nú margur islenzki framfararíddarinn "sans gene et sans reproche" skorað þau stórveldi á hólm. Eg minnist i Mogga okkar fyrir nokkrum árum að sérstakur partur blaðsins var helgaður innblásnum vandlætingarklausum um forina i Reykjavik. Eg held jafnvel, að það hafi verið sérstakur ritstjóri fyrir þeim dálki, þó eg ekki kunni að nefna hann. Stórmenni gleymast. Forin var kölluð öllum illum nöfnum: Heilsuspillir, þjóðarskömm, skrælingjaháttur. En hvernig sem hamast var, voru stöðugt bara hundrað aurar i krónunni, sem bæjarstjórnin hafði handa i milli. Auðvitað hafði hún góðan hug á að þrifa bæinn, enn svo margt kallaði að, og hvað varð að biða sins tima. Það er eins og þessir forarriddarar séu fólreiðir yfir að hver maður ekki samstundis fellur i ómegin, er hann sér forarvilpu. — Eg segi fyrir mig, eg hefi aldrei verið við þær hræddur. Eg stig yfir þær, ef eg get, eða geng fyrir þær. Detti eg ofan i, bölva eg. Búið. —

Annars nenni eg ekki að vera að munnhöggvast við héraðslæknirinn um þetta. Læt mér nægja, að veðja spánýjum "hábrókum" móti gamalli karbættri isl. brók, um að Vestur-Islendingar, sem koma i kynnisför til skyldmenna heima á Islandi, og spyrja eftir forarvilpunni, slori, dordinglum og Lögbergsþaki, *finna það ekki.*

Lúsinni hefi eg gleymt. Og nú þykist eg vita, að héraðslækninum finnist hann hafa verið ansi sniðugur, því hana muni ekki vera hægt að taka með i brókarveðmálið. Hún sé svo litil, og fari i felur, og geti alstaðar verið, þó gestir ekki sjái hana. — Jæja, látum hana sleppa undan veðmálinu. Ekki þó af því að eg sé þar sammála héraðslækninum. Því fer fjarri. Eg hefi ferðast um flestar sveitir norðanlands og viða um Suðurland, og gist á misjöfnum bæjum að efnum og hýsingu, og hvergi hefi eg orðið var við lús, hvorki hjá ríkum né fátækum, og þó segir héraðslæknirinn, að i báðum stöðum sé hún algeng. —

En það er satt, héraðslæknirinn *hefur* verið sniðugur þarna. A þessu verður áreiðanlega mark tekið hjá honum. Það er eitt af þess kyns slúðri, sem festist við, þó vart sé flugufótur fyrir, og ekkert bitur á, nema timans seinviga tönn. — En rétt til þess, að héraðslæknirinn geti orðið þeirrar nautnar aðnjótandi, að þreifa á áhrifum sinna eigin orða, vildi eg óska að hann mætti vera nærstaddur einhverstaðar þegar islenzk sveitakona tekur á móti gömlum vinum og skyldmennum, sem komin eru i kynnisför frá Ameriku. Heyra út undan sér með henni gestina piskra sin á milli, þegar þeim

(Frh. á 7. bls.)

KING GEORGE HOTEL
Eina íslenzka hótelið í bænum.
(Á horni King og Alexander).
Th. Bjarnason
Ráðsmaður

Friðþj. M. Jónasson
Teacher of Piano
Graduate from Leipziger Conservatory
Prót. Teichmuller's method.
735 Sherbrooke St.
Phone N 9230

Loðvara og húðir
Búið yður snemma undir loðvörutimann. Skrifið eftir ókeypis verðlista með myndum yfir gildrur og önnur tæki. Hæsta verð borgað fyrir skinn, húðir, hrosshár o. s. frv. Sendið tafarlaust. Vér æskjum bréfaviðskifta.
SYDNEY I. ROBINSON
Aðalskrifstofa:
1709-11 Broad St.
Dept. A Regina, Sask.

GAS OG RAFMAGN JAFN ODYRT

ÓKEYPIS INNLEIÐING Á GASI I HÚS YÐAR.

Við höfum ágætt úrval af gaseldavélum, sem við ábyrgjumst að þér verðið ánægðir með.

Gefið auga sýningu okkar á Gas-Vatnshitunar-tækjum og öðru

Winnipeg Electric Co.
ELECTRIC RAILWAY CHAMBERS (fyrsta gólfi.)

NAFNSPJOLD

HEALTH RESTORED
Lækningar án lyfja
Dr. S. G. Simpson N.D., D.O. D.C.
Chronic Diseases
Phone: N 7208
Suite 207 Somerset Blk.
WINNIPEG, — MAN.

Dr. M. B. Halldorson
401 Boyd Bldg.
Skrifstofusími: A 3074.
Stundar sérstaklega lungnasjúkdóma.
Er að finna á skrifstofu kl. 12—3 f. h. og 3—6 e. h.
Heimili: 46 Alloway Ave.
Talsími: Sh. 2154.

TH. JOHNSON,
Ormakari og Gullsmiður
Selur giftingaleyfisbréf.
Sérstakt ástygli veitt pöntunum og viðgjörðum útan af landi.
264 Main St. Phone A 4607

Dr. B. H. OLSON
216-220 Medical Arts Bldg.
Cor. Graham and Kennedy St.
Phone: A-7067
Viðtalstími: 11—12 og 1—5.30
Heimili: 921 Sherburn St.
WINNIPEG, MAN.

ARNIG. EGERTSSON
íslenzkur lögfræðingur,
hefir heimild til þess að flytja mál bæði í *Manitoba* og *Saskatchewan.*
Skrifstofa: WYNYARD, SASK.

DR. A. BLÖNDAL
818 Somerset Bldg.
Talsími N 6410
Stundar sérstaklega kvenna-sjúkdóma og barna-sjúkdóma. Að hitta kl. 10—12 f. h. og 3—5 e. h.
Heimili: 806 Victor St.—Sími A 8180

W. J. Lindal J. H. Lindal
B. Stefánsson
Íslenzkir lögfræðingar
708—709 Great West Permanent Building
356 MAIN STR.
Talsími A4963
Þeir hafa einnig skrifstofur að Lundar, Riverton, Gimli og Piney og eru þar að hitta á eftirfylgjandi timum:
Lundar: Annanhvern miðvikudag.
Riverton: Fyrsta fimtudag i hverjum mánuði.
Gimli: Fyrsta Miðvikudag hvers mánaðar.
Piney: Þriðja föstudag i mánuði hverjum.

Talsími: A9660
DR. J. G. SNIDAL
TANNLÆKNIR
614 Somerset Block
Portage Ave. WINNIPEG

DR. J. STEFÁNSSON
216 MEDICAL ARTS BLDG.
Horni Kennedy og Graham.
Stundar eingöngu augna-, eyrna-, nef- og kverka-sjúkdóma.
Að hitta frá kl. 11 til 12 f. h. og kl. 2 til 5 e. h.
Talsími A 3521.
Heimili: 776 River Ave. F. 3021

Stefán Sölvason
Teacher of Piano
Ste. 17 Emily Apts.
Emily St. Winnipeg.

DR. C. H. VROMAN
Tannlæknir
Tennur yðar dregnar eða lagaðar án allra kvala.
Talsími A 4171
505 Boyd Bldg. Winnipeg

J. J. SWANSON & CO.
Talsími A 6340.
611 Paris Building.
Eldsábyrgðarumboðsmenn.
Selja og annast fasteignir, útvega peningalán o. s. frv.

Dr. K. J. Backman
Specialist in Skin Diseases
404 Avenue Block, 265 Portage
Phone: A 1091
Res. Phone: N 8538
Hours: 10—1 and 3—6

DAINTRY'S DRUG STORE
Meðala sérfræðingur.
"Vörugæði og fljót afgreiðsla" eru einkunnarorð vor.
Horni Sargent og Lipton.
Phone: Sherb. 1166.

J. H. Stitt . G. S. Thorvaldson
Stitt & Thorvaldson
Lögfr. og málafærslumenn.
807 Union Trust Bldg.
Winnipeg.
Talsími: A 4586

MRS. SWAINSON
627 Sargent Ave.
hefir ávalt fyrirliggjandi úrvalsbirgðir af nýtízku kvenhöttum. Hún er eina íslenzka konan sem slíka verzlun rekur í Winnipeg. Íslendingar, látið Mrs. Swainson njóta viðskifta yðar.

Kr. J. Austmann
M.A., M.D., L.M.C.C.
Skrifstofa: *724½ Sargent Ave.*
Viðtalstímar: 4.30 til 6 e. h. og eftir samkomulagi.
Heimasími: B. 7288
Skrifstofusími: B 6006

A. S. BARDAL
selur líkkistur og annast um útfarir. Allur áíbúnaður sá besti. Ennfremur selur hann allskonar minnisvarða og legsteina.
843 SHERBROOKE ST.
Phone: N 6607 WINNIPEG

MRS B. V. ISFELD
Pianist & Teacher
STUDIO:
666 Alverstone Street.
Phone: B 7020

Arthur Furney
Teacher of Violin
932 Ingersoll Street
PHONE: N 9405.

EMIL JOHNSON — A. THOMAS
Service Electric
524 SARGENT AVE.
Selja rafmagnsáhöld af öllum tegundum.
Viðgerðir á Rafmagnsáhöldum, fljótt og vel afgreiddar.
Talsími: B-1507. Heimasími: A-7286

Professor Scott.
Sími N-8106
Nýjasti vals, Fox Trot ofl.
Kensla $5,00
290 Portage Ave.,
Yfir Lyceum.